

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 43/1937. **Sigurður Berndsen og Björn Gíslason**
 gegn
Jóni Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Sigurður Berndsen og Björn Gíslason, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 24. september 1937.

Nr. 153/1936. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)
 gegn

Jóni Einarssyni, Árna Júlíusi Jónssyni, Páli Friðvin Jóhannssyni, Þórði Ingbórssyni, Þorsteini Jóhannessyni og Sölva Elíassyni
 (Garðar Þorsteinsson).

Kæra fyrir brot á ákvæðum um bifreiðastæði.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. apríl 1936: Kærðir, Jón Einarsson, Árni Júlíus Jónsson, Páll Friðvin Jóhannsson, Þórður Ingbórsson, Þorsteinn Jóhannesson og Sölvi Eliasson, greiði hver um sig 25 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afplánist sektin með 2 daga einföldu fangelsi.

Kærðir greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með framhaldsrannsókn, sem hafin var samkv. úrskurði hæstaréttar frá 10 febr. þ. á., hefir það orðið upplýst, að bifreiðastöðin Hekla, sem hefir starfhýsi sitt við Lækjargötu 4 hér í bæ, hefir síðan 1931 haft á leigu eitt óafmarkað bifreiðastæði á téðri götu fyrir framan starfhýsi sitt. Hver af bifreiðum þeim, er í máli þessu greinir, skyldi fara af stað, þegar röðin var að henni komin, og sú, er næstu ferð skyldi hverju sinni fara, átti samkvæmt skýrslu stöðvarstjórans að standa á leigða stæðinu. Lögreglumaður sá, er kærði bifreiðarstjórana, hina kærðu í máli þessu, hefir ekki verið að því spurður, hver bifreiðanna hafi staðið fremst í röðinni, og hefði þar með átt að standa á leigða stæðinu, og hefir þetta atriði ekki heldur orðið upplýst með skýrslu hinna kærðu eða skýrslu forstjóra bifreiðastöðvarinnar, sem ekki hefir verið kærður eða saksóttur í sambandi við kæru og saksókn á hendur hinum kærðu bifreiðastjórum. Samkvæmt framangreindu þykir mega gera ráð fyrir því, að ein áður-nefndra bifreiða hafi hverju sinni mátt standa á götunni milli ferða sinna, og ökumaður hennar hefir þá ekki brotið með vist hennar á götunni, er lögreglumaðurinn kom þar að, lögreglusamþykkt Reykjavíkur. En með því að ekki er upplýst, hver hinna sex kærðu er sýkn og hverir þeirra kunna að vera sekir, þykir verða að sýkna alla hina kærðu af broti því, er þeir voru taldir hafa framið þann 4. apríl 1936 í máli þessu.

Allir hinir kærðu, nema Árni Júlíus Jónsson, hafa í fyrri rannsókn málsins kannast við, að þeir hafi stundum áður látið bifreiðar sínar standa á Lækjargötu, meðan þær hafi beðið eftir afgreiðslu,

en rannsóknardómarinn, sem virðist þá ekki hafa vitað eða athugað það, að bifreiðastöðin Hekla hafði þar bílstæði á leigu, hefir engra upplýsinga aflað um það, hvort hver einstök hinna nefndu bifreiða hafi hverju sinni verið á stæðinu eða utan þess. Vegna upplýsingaskorts verður því einnig að sýkna hina kærðu, sem hér eiga hlut að máli, af kæru í máli þessu fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur fyrir 4. apríl 1936.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað sakar þessarar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 80.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, Jón Einarsson, Árni Júlíus Jónsson, Páll Friðvin Jóhannsson, Þórður Ingþórsson, Þorsteinn Jóhannesson og Sölvi Elíasson, eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Garðars Þorsteinssonar, kr. 80.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930 gegn bifreiðastjórunum Jóni Einarssyni, Brávallagötu 6, Árna

Júliusi Jónssyni, Hafnarstræti 18, Páli Friðvin Jóhannssyni, Amtmannsstíg 6, Þórði Ingþórssyni, Laugaveg 78, Þorsteini Jóhannessyni, Laugaveg 33, og Sölva Eliassyni, Vesturgötu 51.

Hér í lögsagnarumdæminu hafa kærðir áður sætt eftirtöldum refsingum:

Jón Einarsson:

- 1930 $\frac{2}{9}$ sætt 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot,
 1930 $\frac{1}{9}$ sætt 5 kr. sekt fyrir sama,
 1932 $\frac{8}{9}$ áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

Árni Júlíus Jónsson:

- 1936 $\frac{2}{2}$ aðvörðun fyrir brot gegn umferðareglunum.

Þórður Ingþórsson:

- 1930 $\frac{4}{6}$ sætt 20 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum,
 1931 $\frac{1}{4}$ áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

Þorsteinn Jóhannesson:

- 1932 $\frac{1}{9}$ sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykktinni.

- 1933 $\frac{1}{9}$ sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðareglum.

Sölvi Eliasson:

- 1931 $\frac{9}{9}$ sætt 5 kr. sekt fyrir brot gegn samþ. um bifreiðastæði,

- 1932 $\frac{1}{4}$ sætt 100 kr. sekt og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðakstur.

Hinn 4. þ. m. kl. 8.40 e. m. skrifaði Karl lögregluþjónn Guðmundsson upp 6 bifreiðar, er þá stóðu mannlausar á Lækjargötunni fyrir framan bifreiðastöðina Heklu. Kærðir eru bifreiðastjórar bifreiða þessara og hafa afgreiðslu á bifreiðastöðinni. Hefir lögreglan oft og iðulega aðvarað stöðvarstjórann við að láta bifreiðar standa þarna á götunni, án þess að skipaþz hafi verið við, og hafa allir hinir kærðu bifreiðastjórar viðurkennt að hafa oftlega áður látið bifreiðar sínar standa á götunni á þessum slóðum.

Með framangreindu hafa kærðir gjörzt sekir við 15. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 1930. Þykir refsing þeirra hvers um sig hæfilega ákveðin 25 króna sekt til bæjarsjóðs, og greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 2 daga. Þá greiði kærðir og in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.